

Mál nr. 197/2018

M og

V v/ lausafjártryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á rafmagnstöflu af völdum skammhlaups.

Gögn.

Málskot, mótttekið 8.6.2018, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 3.7.2018.

Málsatvik.

Hinn 24. apríl 2017 varð skammhlaup í aðaltöflu dælustöðvar í eigu M. Samkvæmt fyrirliggjandi ljósmyndum af ummerkjum í töflunni má ráða að hluti töflunnar hafi sviðnað eða brunnið.

M hafði í gildi lausafjártryggingu hjá V vegna þess lausafjár sem var í dælustöðinni. M kveður tjónið sem varð í töflunni við umrætt atvik hafa orðið af völdum eldsvoða og hefur krafist bóta úr vátryggingunni hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt brunatryggingarlið vátryggingarskilmála umræddrar lausafjártryggingar bætir vátryggingin tjón af völdum eldsvoða. Nánar segir í skilmálunum að það teljist ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus. Verður að skilja bótasvið vátryggingarinnar á þann veg að ekki teljist um eldsvoða að ræða þegar eldur er ekki laus og vátryggðir munir einungis sviðna eða bráðna. Af verksummerkjum verður ekki ráðið að eldur hafi verið laus í rafmagnstöflunni umrætt sinn. Í ljósi þessa verður ekki talið að um eldsvoða hafi verið að ræða í skilningi vátryggingarskilmálanna. Af þeim sökum á M ekki rétt á bótum úr lausafjártryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr lausafjártryggingu hjá V.

Reykjavík, 14. ágúst 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jón Magnússon lögm.